



ULTOMIRIS® SJÚKLINGAKORT



Mikilvægar öryggisupplýsingar fyrir sjúklinga sem fá meðferð með ULTOMIRIS (ravulizumab)

ULTOMIRIS getur veikt ónæmiskerfið og vörn þess gegn sýkingum, sérstaklega meningókokkasýkingu, sem krefst tafarlausrar læknishjálp.

Ef þú finnur fyrir einhverjum eftirtalinna einkenna, skaltu tafarlaust hafa samband við lækinn eða neyðarþjónustu, helst bráðamóttöku:

- höfuðverkur með ógleði eða uppköstum
- höfuðverkur og hiti
- höfuðverkur ásamt stífleika í hálsi eða baki
- hiti
- hiti og útbrot
- ringlun
- vöðvaverkir með flensulíkum einkennum
- augun verða viðkvæm fyrir ljósi



Leitið tafarlaust neyðarþjónustu ef einhver ofangreindra einkenna koma fram og afhendið Sjúklingakortið.

Hafið kortið ávallt meðferðis meðan á meðferðinni stendur og í 8 mánuði eftir síðasta skammtinn af ULTOMIRIS.

Hættan á meningókokkasýkingu er viðvarandi í nokkrar vikur eftir síðasta skammtinn af ULTOMIRIS.

Samþykkt af Lyfjastofnun í október 2025

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

- Sjúklingnum hefur verið ávísað **ULTOMIRIS** (ravulizumab), sem eykur næmi hans fyrir meningókokkasýkingu (*Neisseria meningitidis*).
- Bólusetja verður alla sjúklinga a.m.k. 2 vikum áður en meðferð með **ULTOMIRIS** hefst. Sjúklingar sem hefja meðferð með **ULTOMIRIS** innan við 2 vikum eftir að hafa fengið bólusetningu gegn meningókokkum verða að fá forvarnarmeðferð með viðeigandi sýklalyfi þar til 2 vikur eru liðnar frá bólusetningunni.
- Bólusetja verður sjúklinga og endurbólusetja samkvæmt gildandi verklagi fyrir bólusetningar í hverju landi.
- Meningókokkasýkingar geta hratt orðið lífshættulegar eða banvænar ef þær eru ekki greindar eða meðhöndlaðar fljótt.
- **Meta skal tafarlaust ef grunur leikur á sýkingu og meðhöndla með viðeigandi sýklalyfi ef þörf krefur.**
- Hafið samband við lækinn sem ávísaði lyfinu (sjá hér á eftir) eins fljótt og hægt er.

Fyrir frekari upplýsingar um **ULTOMIRIS**, sjá samantekt á eiginleikum lyfsins (SmPC) <https://www.ema.europa.eu/en/medicines> eða senda á netfangið: medinfo.EMEA@alexion.com. Ef spurningar um öryggi lyfsins vakna, hringið í síma: +46 8 557 727 50. Til að tilkynna aukaverkun: <https://www.lyfjastofnun.is/lyf/lyfjagat/tilkynna-aukaverkun-lyfs/>

Nafn sjúklings _____

Sjúkrastofnun _____

Nafn læknis _____

Símanúmer _____

Upphafsdagur meðferðar með **ULTOMIRIS**: _____

Upplýsingar um meningókokkabólusetningu:

Tegund bóluefnis	Sermihópur bóluefnis	Fjöldi skammta	Dagsetning	Frumbólusetningar/ örvunarskammtur	Fyrirbyggjandi meðferð með sýklalyfi ef meðferð með Ultomiris er hafin innan 2 vikna frá bólusetningu
					☐ Á ekki við ☐ Já, gefið dags:_____
					☐ Á ekki við ☐ Já, gefið dags:_____
					☐ Á ekki við ☐ Já, gefið dags:_____